

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er ráðherra að setja reglur um nýtingu deilistofna, sbr. 5. gr. laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, þannig að sömu reglur gildi hvort sem veiðar úr þeim eru stundaðar innan eða utan fiskveiðilandhelginnar. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að afli sem fæst á ákveðnu svæði, tilteknum tíma eða í ákveðna gerð veiðarfæra skuli teljast til tiltekins deilistofns.

2. gr

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 9. gr. laganna:

- Við 1. másl. bætist: og varðveislu viðkvæmra hafsvæða.
2. másl. hljóðar svo: Getur ráðherra með reglugerð m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með öllum eða tilteknum veiðarfærum eru bannaðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði tvær breytingar á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands, með síðari breytingum. Lýtur fyrri breytingin að því að kveða með skýrum hætti á um heimild til að samræma reglur um nýtingu á íslenskum deilistofnum, hvort sem veiðar fara fram í íslenskri fisveiðilögsögu eða utan hennar. Jafnframt verði heimilt að skilgreina nákvæmar með hliðsjón af veiðisvæði, veiðarfæri eða tíma hvenær um veiðar úr tilteknum deilistofni er að ræða. Hin síðari miðar að því að styrkja heimildir ráðherra til að friða viðkvæm hafsvæði í því skyni að vernda fyrst og fremst hafsbotninn sjálfan og það líf sem á honum þrífst.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um stjórn veiða hér við land gilda fyrst og fremst eftirgreind lög: Lög nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, lög nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lög nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Á grundvelli þessara

laga eru settar ýmsar reglur um veiðar íslenskra skipa, t.d. veiðarfæri og veiðisvæði, meðferð og nýtingu afla og atriði sem lúta að eftirliti með nýtingu þeirra.

Lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, taka til nýtingar á nytjastofnum innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, taka hins vegar til veiða íslenskra skipa utan lögsögu Íslands. Í athugasemd við 5. gr. frumvarpsins, sem varð að lögum nr. 151/1996, segir að ákvæði laga um stjórn fiskveiða gildi eftir því sem við geti átt um veiðar íslenskra skipa utan íslensku lögsögunnar úr íslenskum deilistofnum, þ.e. stofnum sem veiðast bæði innan og utan lögsögumarkanna, enda verði að telja mjög æskilegt að samræmd stjórn gildi um veiðar úr slíkum stofnum hvort sem þær fara fram innan eða utan lögsögu. Þannig hafi þessu verið varið með nýtingu loðnustofnsins til þessa. Þar hefur kvóta verið úthlutað til skipa án tillits til þess hvort hann er veiddur innan eða utan lögsögumarka og gilda allar sömu reglur um veiðarnar án tillits til þess hvar þær fara fram, að teknu tilliti til samningsákvæða um tilkynningaskyldu o.fl. Tilvísun í 5. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, í lög um stjórn fiskveiða leggur að vísu meginreglur í þessu efni en hins vegar er það svo að ýmsar reglur eru settar með stoð í lögum nr. 79/1997 og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Þykir því rétt að kveða með ótvíræðum hætti á um að ráðherra sé heimilt tryggja samræmingu reglna um veiðar úr íslenskum deilistofnum þannig að ekki gildi mismunandi reglur eftir því hvort veiðar fara fram innan eða utan fiskveiðilandhelginnar og miðar fyrri málsliður greinarinnar að því. Í seinni málslið greinarinnar segir að ráðherra sé heimilt að ákveða að afli sem fæst á ákveðnu svæði, tilteknum tíma eða í ákveðna gerð veiðarfæra skuli teljast til tiltekins deilistofns. Eins og áður segir þá eru deilistofnar þeir stofnar sem veiðast bæði innan og utan lögsögunnar. Nokkuð er breytilegt hvar þeir veiðast innan lögsögunnar og í hve miklum mæli. Má í þessu sambandi t.d. nefna kolmunna, úthafs skarfa og loðnu. Því er nauðsynlegt að hafa heimild til að skilgreina veiðisvæði hverju sinni og jafnframt hafa möguleika til þess að líta til tíma og veiðarfæra í því sambandi. Við skoðun á þessu máli kom bæði til álit að hafa þessa heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, en niðurstaðan varð sú að leggja til að heimildin yrði sett í lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Um 2. gr.

Í október 2004 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að kanna forsendur fyrir friðun viðkvæmra hafsvæða. Nefndin skilaði tillögum sínum í lok maí 2005. Nefndin skoðaði þau svæði sem friðuð hafa verið hér við land og forsendur þeirra. Má almennt segja að flest friðunarsvæði í fiskveiðilandhelgi Íslands séu friðuð með heimild í 9. gr. laga nr. 79/1997 en tveir fyrri málsliðir 1. mgr. hennar hljóða svo: „Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna. Getur ráðherra með reglugerð m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með tilteknum veiðarfærum eru bannaðar.“ Nefndin taldi að friðun svæða hefði fyrst og fremst verið beitt til að ná sértækum markmiðum í fiskvernd eins og t.d. verndun hrygningarfisks eða ungfisks. Á undanförmum árum hefði athyglin beinst í ríkari mæli að hafsbótinum sjálfum og lagði nefndin því til í skýrslu sinni að breytingar yrðu gerðar á heimild ráðherra þannig að verndun hafsbotsins fengi meira vægi og rúmaðist betur innan lagaheimildarinnar. Með því móti mundi hún endurspeglar skýrar markmið og inntak friðunar viðkvæmra hafsvæða.

Með breytingu þeirri sem lagt er til að gerð verði með b-lið er aðeins verið að áréttta að unnt er að láta friðun taka til allra veiða þannig að ekki þurfi að telja þær allar í reglugerð ef bannið á að vera altækt.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 79/1997,
um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.**

Með frumvarpinu eru gerðar tvær breytingar. Fyrri breytingin er að kveða á með skýrum hætti um heimild til að samræma reglur um nýtingu á íslenskum deilistofnum utan sem og innan íslensku fiskveiðilögsögunni. Hin síðari miðar af því að styrkja heimildir ráðherra til að friða viðkvæm hafsvæði.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.